

FUNDARGERÐ

254. stjórnarfundur Ríkisútvarpsins ohf.

Haldinn í Efstaleiti 1, 17 apríl 2023 og hófst kl. 16:15.

Mætt voru stjórnarmennirnir Silja Dögg Gunnarsdóttir, Jón Ólafsson, Diljá Ámundadóttir Zoëga, Möður Áslaugarson, Þráinn Óskarsson, Sigurður Helgi Birgisson og Aron Ólafsson. Viðar Eggertsson sat fundinn í fjarveru Margrétar Tryggvadóttur. Að auki sátu fundinn Hrafnhildur Halldórsdóttir áheyrnarfulltrúi, Stefán Eiríksson útvarpsstjóri, Anna Bjarney Sigurðardóttir framkvæmdarstjóri fjármála og Margrét Magnúsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerðir

Fundargerðir 253. stjórnarfundar var borinn upp og samþykkt.

2. Tillögur aðalfundar

Skrifstofustjóri kynnti drög að tillögum aðalfundar.

Sérstaklega var farið yfir breytingar á starfskjarastefnu. Starfshópur stjórnar um starfskjarastefnu hafði fundað og gert tillögu að því að bæta við tveimur atriðum í 2. gr. stefnunnar um sem voru samþykktar. Um var að ræða atriði tengt jafnlaunastefnunni og vera leiðandi í að koma til móts við fólk á vinnumarkaði með skerta starfsgetu.

Stjórnarmaður ræddi væntanlegt stjórnarkjör í stjórn dótturfélagsins RÚV sölu en tilnefna skal í stjórn félagsins á komandi aðalfundi RÚV ohf. Ákveðið var að tilnefna útvarpsstjóra í stjórn RÚV sölu í stað stjórnarmanns eins og verið hefur.

Stjórnarformaður var ekki kominn með upplýsingar frá ráðuneytinu um breytingar á þóknun stjórnar. Stjórn lagði til á fundinum að stjórnarformaðurinn myndi leggja það til gagnvart ráðuneytinu að miðað yrði við almennar hækkningar.

3. Önnur mál

Í kjölfar umræðu á síðasta fundi um netöryggishóp stjórnar lagði hópurinn fram eftirfarandi bókun:

Um nokkra hríð hefur starfshópur stjórnar RÚV um stafrænt öryggi félagsins verið starfandi. Hópi þessum var falið að hafa eftirlit með úrbótum á stafrænu öryggi innan RÚV í umboði stjórnar. Við sem höfum setið í starfshópi stjórnar um stafrænt öryggi teljum að ekki hægt að starfa að þessu mikilvæga máli, en ekki hefur náðst að skapa umhverfi til að sinna þessum málum eins og lagt var upp með. Við leggjum til að starfshópur stjórnar RÚV um stafrænt öryggi félagsins verði aflagður.

Ákveðið var að fulltrúar í hópnum myndu í kjölfar stjórnarfundarins fara nánar yfir málið með útvarpsstjóra.

Fundi slitið.

Ses:
Rosa Kristin

Silja D. Gunnarsdóttir
Margrét Tryggvadóttir (ses)
Diljá Ámundadóttir Zoëga
Þráinn Óskarsson